

LÖG

um breytingu á lögum nr. 103/1996, um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðari málsliður 2. mgr. 4. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Greiða skal 0,5% stimpilgjald af fjárhæð hlutabréfa sem gefin hafa verið út í Landssíma Íslands hf. og Íslandspósti hf. Um gjaldið fer að öðru leyti eftir því sem mælt er fyrir um í lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum. Ekki skal greiða stimpilgjalds-álag vegna þeirra hlutabréfa sem þegar hafa verið gefin út í Landssíma Íslands hf. og Íslandspósti hf., enda verði gjaldið greitt innan tveggja mánaða frá gildistöku laga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Sturla Böðvarsson.

14. apríl 2000

Nr. 20

LÖG

um breytingu á lögum nr. 117/1994, um skipulag ferðamála, með síðari breytingu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

6. tölul. 7. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 14/1999, fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Davíð Oddsson.